



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 128/191
komudagur 20. 11. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.11.2002


Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þings-
ályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál

Alpýðusambandið tekur undir þær meginhugmyndir tillögunnar að
æskilegt sé að leita leiða til að afnema eða lækka verulega
tekjuskatta lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir
lágmarkslaunum.

Í þessu samhengi vill Alpýðusambandið þó benda á hugmyndir
sambandsins um upptöku fjölþrepaskattkerfis sem hefði það
markmið að draga úr skattbyrgði þeirra sem lægstar hafa tekjurnar.

Í samráði við fulltrúa Alpýðusambands Íslands og Samtaka
Atvinnulífsins skipaði fjármálaráðherra þann 3. ágúst 2001, nefnd til
þess að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþrepaskattkerfi
hjá einstaklingum. Stefnt að því að nefndin skili niðurstöðum sínum
innan tíðar. Í ljósi þess telur Alpýðusambandið ótímabært að skipa
nýja nefnd sem hefði það að verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til
að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem
hafa tekjur undir lágmarkslaunum.

f.h. Alpýðusambands Íslands


Grétar Þorsteinsson, forseti